

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

34. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 14 FEBRÚAR 2014

FUNDARGERÐ.

Mæting:

Ómar Baldursson, Haraldur L Arnbjörnsson, Grétar Guðmundsson, Guðrún Berþórsdóttir, Eva K Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Sighvatur D Sighvatz, Davíð Sigmundsson, Eyjólfur Ólafsson, Andri Jóhannesson, Jakob Tryggvason, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sivertsen, Bára Halldórsdóttir, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson, Kristján Þ Snæbjarnarson.

Forföll: Svanborg Hilmarsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kjarasamningar
3. Capacent
4. Skjalavörslukerfi
5. Innheimtakerfi DK
6. UNI Europa ungliðaskóli
7. Önnur mál

Til kynningar var „Skýrsla Mannvirkjastofnunar um rafmagnsslys 2003-2013“

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Kjarasamningar.

Farið yfir og kynntar helstu niðurstöður síðustu skoðunarkönnunnar sem gerð var, eftir að samningarnir voru felldir á dögnum.

Í könnunninni tóku þátt alls 524 félagsmenn, en um 2800 félagsmenn taka laun eftir þessum samning.

Helstu niðurstöður eru, að félagsmenn vildu halda í stöðuleikann en töldu jafnframt að launaprósentan væri of lág og að reynt yrði að halda niðri verðbólgu.

Búið er að halda fund með SA-mönnum þar sem fram kom, að ekkert meira væri í boði en 2,8% launahækkun. Ljóst er að það nægir ekki til að samningar náist. Sáttasemjari hefur verið með þreyfingar og hvað sé hægt að gera í framhaldinu. Í könnuninni var einnig spurt hvort félagsmenn vildu gera hlé á samningaviðræðum og bíða eftir að önnur félög myndu semja.

Flestir voru á því að halda samningaviðræðum áfram og reyna að ná einhverju fram. Ljóst er að staðan er snúin en halda ber áfram að reyna að ná saman.

Þá eru sérkjarasamningsviðræður að fara í gang á næstu dögum.

Búið er að halda fund með „JÁ“ og fundur verður með RARIK 21 n.k.

Í hagspá Seðlabanka Íslands kom fram, að búast mætti við betri verbólguhorfum á þessu ári, en þær versna á næstu tveimur árum þegar slaki í þjóðarþúskapnum breytist í spennu. Þessa spá byggir Seðlabankinn á því að eftir því sem launahækkanir verði meiri þá muni landsmenn fara að auka einkaneyslu og þar með að auka innflutning.

Spá sem þessi dregur úr jákvæðni samningsaðila enda von manna að ná verðbólgu niður, vonandi breytast spár í samræmi við þá kjarasamninga sem verið er að reyna að ná í gegn.

Samþykkt að næstu skref verði að halda viðræðum áfram og vísa deilunni til Sáttasemjara og keyra alla sérkjarasamninga áfram að fullum krafti.

3. Capacent.

Fyrirtækið er að vinna að skipulagsmálum á skrifstofu RSÍ. Vinnu er ekki endanlega lokið en búið er að ná utan um verkefnið. Starfsmönnum hefur verið kynnt fyrstu drög og líst ágætlega á.

Ferlið er í góðum farvegi og vænta má heildarniðustöðu í næstu eða þarnæstu viku.

4. Skjalavörslukerfi.

Tilboð hefur borist í uppsetningu á Core Data ECM upplýsinga-og skjalastjórnunarkerfi.

Tilboð hefur einnig borist í uppsetningu skjala“lykla“kerfi.

Þá er tilboð komið í skönnun á fundargerðabókum.

Umræður urðu um þessi tilboð og samþykkt að fá kerfið en að fá jafnframt ítarlegri og betri upplýsingar varðandi skjalalyklana og þá hvort hægt væri að fá raunhæft tilboð í pakkann varðandi þá en ljóst er að þá þarf meiri greiningu til þess með tilkostnaði.

5. Innheimtakerfi DK.

Talsverðar umræður hafa verið um, hvort rétt væri að RSÍ tæki yfir innheimtu félagsgjalda af Lífeyrissjóðnum. Kostnaður sambandsins vegna innheimtu félagsgjalda er í dag um 14 milljónir kr. á ári.

Samþykkt að skoða þetta tilboð frekar með gjaldkera og fleirum. Ef ráðist verður í að kaupa kerfið yrði það miðað við næstu áramót.

6. UNI Europa-ungliðaskóli

Boð hefur borist um að senda ungliða í þennan sumarskóla í Albufeira í Portúgal dagana 25-27 júní n.k

Grétar og Jakob skoða málið í samráði við ungliðahreyfingu RSÍ

7. Önnur mál.

Bent var á að út er kominn skýrsla frá Mannvirkjastofnun um „**Slys af völdum rafmagns 2003-2012**“ og fundarmenn hvattir að kynna sér innihald hennar.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.45

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari